

A 1734/välfärd

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um skyldubundna sáttameðferð fyrir forsjárhafa við skilnað að borði og sæng

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær innleiði skyldu til sáttarmeðferðar í löndunum fyrir forsjárhafa við skilnað að borði og sæng;

að þær efni til málþings eða ráðstefnu þar sem löndin geta borið saman ráð sín um skyldubundna sáttarmeðferð fyrir forsjárhafa við skilnað að borði og sæng.

Bakgrunnur

Sjálfmetin geðheilsa ungmenna á Norðurlöndum fer versnandi, einkum í Svíþjóð, Finnlandi og Noregi. Þetta kemur fram í skýrslunni „Unga in i Norden“. Í henni er leitað svara við spurningunni „Hvers vegna heldurðu að þér líði illa?“ Einsemd, vinaleysi, erfiðar heimilisaðstæður og vantraust í garð fullorðinna eru þær útskýringar sem gefnar eru. Mörg ungmenni finna fyrir streitu og verkkvíða eða þeim finnst þau vera utanveltu. Ungmenni sem flosna upp úr námi hafa oft orðið fyrir einelti og meiðandi framkomu.

Geðrænir kvillar eiga sér margar orsakir og það er mikilvægt að finna ólíkar aðferðir til að sporna gegn þeim. Góðar heimilisaðstæður eru mikilvæg forsenda þess að ungmennum líði vel og þau finni fyrir öryggi. Mikilvægt er að ungmenni beri traust til fullorðna fólksins og geri viðvart þegar þeim líður illa. Að öðrum kosti er hætt við sjálfskaðahegðun svo eitthvað sé nefnt. Þegar foreldrar skilja að borði og sæng geta orðið átök sem hafa slæm áhrif á heilsu barna. Norðmenn hafa innleitt skyldu til sáttameðferðar við skilnað að borði og sæng fyrir forsjárhafa barna yngri en 16 ára en með því vilja þeir tryggja hagsmuni barna og draga úr spennu innan fjölskyldunnar. Þetta hefur gefið góða raun í Noregi og eins tilraunastarfi á þessu sviði í Svíþjóð.

Skyldubundin sáttameðferð felst í skipulögðu samtali foreldranna undir leiðsögn þar til menntaðs einstaklings í þeim tilgangi að finna lausnir sem eru barninu fyrir bestu. Markmiðið er að forsjárhafar geri með sér samstarfssamning um sameiginlega forsjá. Skyldubundin sáttameðferð við skilnað að borði og sæng getur komið í veg fyrir eða



dregið úr deilum milli forsjárhafa. Fyrir vikið líður barninu og allri fjölskyldunni betur.

Deilur forsjárhafa eru oft kostnaðarsamar fyrir samfélagið og skapa álag á félagsþjónustuna.

Mikilvægt er að koma í veg fyrir átök og forðast aðstæður sem skaða geðheilsu ungmenna. Skyldubundin sáttameðferð við skilnað að borði og sæng þegar börn eru undir lögdri getur hjálpað foreldrum að semja um hvernig þau deila með sér sameiginlegri forsjá áður en allt er komið í óefni, eða dregið úr eða leyst ágreininginn.

Reykjavík, 19. september 2017

Annette Lind (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Sonidsson (S)
Gunvor Eldegard (A)
Irene Johansen (A)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)
Karen J. Klint (S)
Karin Gaardsted (S)
Kjell-Idar Juvik (A)
Kåre Simensen (A)
Lennart Axelsson (S)

Maarit Feldt-Ranta (sd)
Odd Omland (A)
Oddný Harðardóttir (A)
Orla Hav (S)
Peter Johnsson (S)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Rikard Larsson (S)
Sonja Mandt (A)
Suzanne Svensson (S)
Tony Wikström (ÅSD)